



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Furuskógur

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026.....	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	9
4. Starfsþróunarsamtöl.....	12
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	12
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
7. Foreldrasamstarf	14
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
9. Fylgiskjöl:	16
9.1 Innra mat deilda 2025-2026	16
9.2 Umbótaáætlun deilda 2026-2027	21
9.3 Umsögn foreldraráðs.....	24



1. Greinargerð leikskólastjóra

Það má segja að skólaárið 2025-2026 hafi verið viðburðarríkt þegar litið er til baka. Ég ætla aðeins að nefna hér það sem vel gekk.

Loksins voru gerðar úrbætur á húsnæði Furuskógar í Efstalandi. Huldusteinn deild elstu barnanna hefur verið í opnu rými frá opnun leikskólans 2006 með ýmsum áskorunum. En síðasta sumar var deildinni lokað með vegg og settar hljóðvistarplötur inn á deildina og voru eins plötur settar inn á hinar deildirnar. Þessar breytingar eiga eftir að skila miklu fyrir starfsumhverfið, líðan barnanna og starfsfólksins.

Vinna við endurskoðun skólanámskrár hélt áfram. Gekk sú vinna vel, mjög góðar umræður og starfsfólk mjög áhugasamt um starfið sitt. Við fengum kynningu á verkefni leikskólans Aspar um sjálfssprottinn leik barna og þátttöku starfsfólks í leiknum. Við fórum öll á leikskólaráðstefnuna í febrúar en megin inntak hennar var leikurinn og möguleikar hans í námi allra barna.

Við fengum upprifjun og regnbogafræðslu fyrir starfsfólk. Farið var Regnbogagöngu í fyrsta skipti, en þá hittust börnin úr báðum húsum Efstalandi og Álandi niðri í Fossvogsdal og fóru í leiki. Þessi skemmtilegi viðburður er komin til að vera.



Við fengum kynningu á mikilvægi þess að leikskólinn væri með málstefnu. Í kjölfarið varð til hópur sem tók að sér að búa til málstefnu fyrir leikskólann Furuskóg.

Við unnum eftir nýrri móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk sem gerir móttökuna markvissari.

Lundurinn, okkar sameiginlega útinámssvæði, er meira notaður og hefur orðið mikil þróun í skipulögðu útinámi.



Þetta er það helsta sem upp úr standur. Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að klára skólanámskrána sem gefur tækifæri til að huga betur að skólaþróun og nýjum áherslum í skólastarfi með tilliti til nýrra þátta í aðalnámskrá.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Stjórnun - Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í mati kemur fram að ný skólanámskrá er í vinnslu. Flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Tækifæri til umbóta liggja helst í gerð starfsmannahandbókar auk þess sem kynning á helstu stefnum og verklagsreglum þarf að fara fram.

Hvað var metið?	Uppeldis og menntastarf – Skipulag náms og námsaðstæður
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Í mati kemur fram að vinnuaðstöðu er helst ábótavant, þ.e. rými vantar til að veita sérfræðipjónustu, vinnuaðstaða starfsfólks til undirbúnings og funda er þröng og í fjölnota rými, einkum í starfstöð við Efstaland.

Hvað var metið?	Uppeldis og menntastarf – Uppeldi, menntun og starfshættir
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.





Hvað var metið?	Uppeldis og menntastarf – Mat á námi og velferð barna
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Tækifæri til umbóta liggja helst í þátttöku barna í markmiðasetningu og mati á eigin námi, og skráningum starfsfólks og mati á námi barna.

Hvað var metið?	Mannauður – Hlutverk leikskólakennara
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Hvað var metið?	Mannauður – Fagmennska starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Hvað var metið?	Mannauður – Starfsánægja
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi að mestu, en tækifæri eru til umbóta á vinnuáðstöðu starfsfólks. Starfsfólk lýsir streitu og álagi, og þar liggja einnig tækifæri til umbóta.





Hvað var metið?	Innra mat – Skipulag og viðfangsefni
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Hvað var metið?	Innra mat – Gagnaöflun og vinnubrögð
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Hvað var metið?	Innra mat – Opinber birting og umbætur
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í matseyðublöð í <i>Viðmið og vísbendingar</i> fyrir mat á leikskólum, skv. áætlun um innra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, en það mætti kynna betur fyrir starfsfólki að niðurstöður úr mati og umbótaáætlanir eru birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Hvað var metið?	Menntastefna - læsi
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdegi var fyllt út í læsishluta Gátlista Menntastefnu Reykjavíkur fyrir leikskóla.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samkvæmt niðurstöðum matsins virðast flestir þættir komnir til framkvæmda að miklu eða fullu leyti. Helstu tækifæri til umbóta snúa að markvissri vinnu með heimamenningu barnanna og markvissu samtali s.s. með Gefðu 10, auk vinnu með hljóðkerfisvitund.





Ytra mat

Hvað var matið?	Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt, jafnrétti
Hvernig fór matið fram?	Starfsfólk Reykjavíkurborgar svaraði spurningalista Stofnunar ársins 2025 frá Gallup á tímabilinu október-deseember 2025.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður matsins gefa til kynna almenna ánægju starfsfólks með þá þætti sem metnir voru, að undanskildum þáttum er varða launakjör og vinnuaðstöðu. <u>Styrkleikar:</u> Fjölbreyttur starfsmannahópur, stuðningur og hvatning frá næsta yfirmanni, að geta leitað til næsta yfirmanns ef á þarf að halda, jafnrétti kynja, yfirmaður virðir starfsfólk mikils. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Launakjör, laun miðað við sambærilegt starf annarsstaðar, vinnuaðstaða, loftgæði, laun ákveðin af sanngirni.



3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Þátttaka barna í að setja sér markmið og meta eigið nám	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf – Mat á námi og velferð barna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börn taki þátt í að setja sér markmið og meta eigið nám.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Umræður á deildarstjórafundum og gerð áætlunar um leiðir fyrir börn að setja sér markmið og með hvaða hætti þau koma að mati.
Ábyrgð	Stjórnendateymið
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September -maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fylgja eftir og fara yfir stöðuna mánaðarlega. Stöðumat á deildar og deildarstjórafundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn setja sér markmið um eitthvað sem þau vilja læra og meta svo hvernig þeim hefur gengið.

Reglulegar skráningar á framföllum allra barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf – Mat á námi og velferð barna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að upveldislegar skráningar verði hluti af leikskólastarfinu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla til allra starfsmanna um skráningar á skipulagsdegi á haustönn. Setja okkur stefnu um hvaða skráningar við ætlum að nota.
Ábyrgð	Stjórnendateymið
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September -maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fylgja eftir og fara yfir stöðuna mánaðarlega. Stöðumat á deildar og deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Markvissar upveldisskráningar eru notaðar í daglegu starfi til að meta námsárangur barna.



Vinnuaðstaða starfsfólks og rými til að veita sérfræðipjónustu	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf – Skipulag náms og námsaðstæður
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks í starfsstöð í Efstalandi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skoða hvaða leiðir eru færar til að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks og aðstöðu til að veita sérfræðipjónustu, og koma því í farveg.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október - maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fundur stjórnenda í apríl/maí til að skoða hvort umbætur hafi tekist.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Vinnuaðstaða starfsfólks sé viðunandi, aðgengi að rými til undirbúnings og aðstaða til þess að veita sérfræðipjónustu.

Skýr og samræmd vinnubrögð á öllum leiksvæðum	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf – Uppeldi, menntun og starfshættir
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ljúka þarf vinnu sem er hafin við að samræma reglur og námstækifæri á mismunandi leiksvæðum og í mismunandi stundum í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Finna gögnin sem búið er að vinna og ljúka við gerð spjalda sem eiga að fara upp á vegg á mismunandi svæðum skólans. Einnig þarf að rifja upp og kynna veggspjöldin og nýtingu þeirra fyrir starfsfólki.
Ábyrgð	Stjórnendur og stjórnendateymið
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September -maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildarstjórafundum í nóvember verður staðan tekin á því hvar verkefnið er stætt, og á deildarstjórafundum í maí hvort veggspjöld eru tilbúin, komin upp og búið að kynna fyrir fólki.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Veggspjöld með reglum og námstækifærum hanga uppi á mismunandi svæðum leikskólans, starfsfólk þekkir efni þeirra og hvernig þau nýtast í daglegu starfi með börnunum.





Skólanámskrá	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að ný skólanámskrá verði tilbúin fyrir skólann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fylgja ferli sem farið verður í sameiginlega þar sem mánaðarlega verður gengið frá ákveðnum hluta í nýrri námskrá.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið á deildarstjórafundum í lok maí/byrjun júní 2027.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að ný skólanámskrá sé tilbúin fyrir skólann.

Starfsmannahandbók	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsmannahandbók verði tilbúin fyrir starfsmenn skólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Safna saman þeim upplýsingum sem þegar eru til og bæta við þeim upplýsingum sem vantar. Þetta verður gert samhliða gerð nýrrar skólanámskrár, þ.e. unnið að ákveðnum þáttum í hverjum mánuði.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið á deildarstjórafundum í lok maí/byrjun júní 2027.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að ný starfsmannahandbók sé til fyrir starfsfólk skólans.





4. Starfsþróunarsamtöl

Hvernig og hvenær fóru þau fram? Ekki náðist að gera starfsþróunarsamtöl fyrir allt starfsfólkið eins og áætlað var í mars þar sem veikindi urðu á fólki. Samtöl voru tekin í janúar við starfsfólk um vinnustytting og náðist þá að spyrja út í fleiri hluti þar ef þörf var á. Starfsfólk var duglegt að óska eftir samtali ef þörf var á.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla út frá umbótaþáttum leikskólans fer aðallega fram á skipulagsdögum:

- *Skipulagsdagur 28. ágúst - Skráning á námi barna*
- *Skipulagsdagur 19. nóvember - Heimsókn í útinámsskóla*
- *Skipulagsdagur 27. janúar - Viðvera og líðan á vinnustað*
- *Skipulagsdagur 27. apríl - Menntastefnumót*





6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
September 2026	Fundur til að setja niður nákvæmar dagsetningar fyrir haustönn	Fossvogsskóli	Skólastjórnendur í Fossvogsskóla, Furuskógi og Kvistaborg
Október 2026	Nemendur í 7. bekk í Fossvogsskóla lesa fyrir öll börn í Furuskógi og Kvistaborg	Furuskógur við Áland, Furuskógur við Efstaland og Kvistaborg	Stjórnendur skólanna, umsjónarkennarar og deildarstjórar
Nóvember 2026	Nemendur úr 1. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana (gamla leikskólann sinn) fyrir hádegi	Furuskógur við Áland, Furuskógur við Efstaland og Kvistaborg	Stjórnendur skólanna, umsjónarkennarar og deildarstjórar
Nóvember 2026	Elstu nemendur Furuskógar og Kvistaborgar heimsækja Fossvogsskóla og Neðstaland	Fossvogsskóli og Neðstaland	Stjórnendur skólanna og deildarstjórar
Nóvember 2026	Fundur til að fara yfir niðurstöður lesskimunar	Fossvogsskóli	Stjórnendur í Fossvogsskóla
Desember 2026	Fossvogsskóli býður börnunum úr Furuskógi og Kvistaborg á Battó jól	Fossvogsskóli	Aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla
Janúar 2027	Fundur til að setja niður nákvæmar dagsetningar fyrir vorönn	Fossvogsskóli	Skólastjórnendur í Fossvogsskóla, Furuskógi og Kvistaborg
Febrúar 2027	Nemendur í 7. bekk í Fossvogsskóla lesa fyrir öll börn í Furuskógi og Kvistaborg. Æfing fyrir stóru upplestarkeppnina	Furuskógur við Áland, Furuskógur við Efstaland og Kvistaborg	Stjórnendur skólanna, umsjónarkennarar og deildarstjórar
Mars 2027	Elstu nemendur í Furuskógi og Kvistaborg heimsækja kennslustund í 1. bekk í Fossvogsskóla, borða nesti og fara í frímínútur.	Fossvogsskóli	Stjórnendur skólanna, umsjónarkennarar og deildarstjórar





Apríl 2027	Elstu nemendur í Furuskógi og Kvistaborg mæta í íþróttir í Fossvogsskóla	Fossvogsskóli	Stjórnendur skólanna, deildarstjórar og íþróttakennari
-------------------	--	---------------	--

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð er starfandi við leikskólann það er kosið í ráðið á haustin.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi félagsins að hausti.

Kynningarfundur fyrir foreldra er haldinn að hausti í september/október. Á fundinum er vetrarstarf skólans kynnt fyrir foreldrum og er kynningin sameiginleg með öllum deildum. Fundurinn er haldinn sama dag og aðalfundur foreldrafélagsins með það að markmiði að auðvelda og auka þátttöku foreldra á aðalfundi foreldrafélagsins.

Boðið er upp á tvö skipulögð foreldraviðtöl yfir veturinn, eitt á haustönn (í október) og annað á vorönn (í mars eða apríl). Þess utan geta foreldrar alltaf óskað eftir samtali eftir þörfum.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Furuskógi eru sex talsins og verða fjórir þeirra sameiginlegir með grunnskólanum starfsárið 2026-2027. Skipulagsdagarnir verða eins og hér segir:

28. ágúst 2026

2. október 2026

19. nóvember 2026 - sameiginlegur

27. janúar 2027 - sameiginlegur

27. apríl 2027 - sameiginlegur

25. maí 2027 – sameiginlegur

Sjá nánar leikskóladagatal í fylgiskjöllum.





9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar Birkilundar

Heilbrigði: Lögð er rík áhersla á vellíðan barna, bæði andlega og félagslega, með reglulegri útiveru, hreyfingu og útinámi. Börnin tóku virkan þátt í æfingum tengdum aðferðum *Hugarfrelsis*, þar sem þau fengu tækifæri til að leiða og hafa áhrif á framkvæmd bæði inni og úti. Þau sýndu mikinn áhuga og höfðu ánægju af þátttökunni, sem hafði jákvæð áhrif á ró og einbeitingu í barnahópnum.

Læsi: Aðferðum úr *Lubbi finnur málbein* var gefið aukið rými og þær samþættar betur í daglegu starfi. Börnin sýndu málhljóðum mikla athygli og starfsfólk tók virkan þátt í verkefnunum eftir bestu getu. Börnin höfðu sérstaklega gaman af því að klappa atkvæði og finna orð tengd mismunandi málhljóðum.

Styrkleikar Dvergasteins

Sjálfsþing: Lagt var áherslu á að efla sjálfstæði barna og var tekið fyrir sjálfsþing í matartíma. Börnin skömmuðu sér sjálf á diska mat og réðu ferðinni með hvað þau borðuðu og hve mikið. Hvatt var til að smakka allt og börn stoppuð af ef magn matar fór yfir eðlileg mörk. Í byrjun byrjuðu börn að setja á diskinn bara til að setja á diskinn en undir lokin fóru þau að hugsa áður en sett var á hann hvað var sett á og hvort magn væri við hæfi.

Útinám: Áætlað var að fara einu sinni í viku í lundinn en sökum aldurs barna tókst það ekki. Það var þó farið einu sinni í viku í útinám og úthald barna aukið svo hægt væri að labba lengra næst. Breiður aldurshópur var til staðar og því reynt að velja útinám sem hentaði öllum. Áhugi barna var til staðar og viðfangsefni voru valin með þeim.

Félagsfærni: Unnið var með bækur sem efla félagsfærni og jákvæð samskipti. Börnum var sýnt myndaspjöld í samveru af mismunandi tilfinningum. Í leik voru börn hvött til að nota orðin og tjá tilfinningar sínar.

Styrkleikar Álfasteins

Heilbrigði: Að börnunum líði vel skiptir okkur miklu máli, andlega og líkamlega. Börnin fá að sýna allar tilfinningar, hlustað sé á þau og þeirra skoðanir. Útivera og hugarfrelsi var notuð yfir daginn og einnig á sama tíma eins og í Lundinum okkar.





Læsi: Í útinámi lærðu börnin að lesa í aðstæður og kynna sínu nánasta umhverfi. Skiplagðar Lubbastundir voru á mánudagsmorgnum og haldið áfram með það málhljóð út vikuna. Myndlæsi hjá Lí er 6 – 7 sinnum yfir skólaárið þar sem börnin læra að lesa í verk listafólks. Börnin höfðu sérstaklega gaman af því að klappa atkvæði og finna orð tengd mismunandi málhljóðum. Þjónn gærdagsins segir í samverustund kl:9 hver verður þjónn dagsins með því að gefa vísbendingar um næsta þjón, þannig les barnið í aðstæður og æfir framburð.

Styrkleikar Grenilundur

Gleði, vinsemd og virðing eru einkunnaorð okkar, lögð er áhersla á að öllum líði vel og að allir hafi rödd. Við leggjum áherslu að tekið sé vel á móti öllum og að allir gangi glaðir inn í daginn. Við vinnum markvisst að því að börnunum sé skipt upp í hópa og starfsmaður með hverjum hóp.

Sjálfsefling við hvetjum alla til að gera sem mest sjálf og hugum að því að gefa okkur góðan tíma til þess. Börnin eru orðin mjög dugleg við matarborðið að skammta sér sjálf hæfilega mikið og ganga frá eftir sig. Við erum hvorki með flæði í hádegismatnum né síðdegishressingunni, við nýtum þessar stundir til samræðna og eflum með því málþroskann og félagsfærni eflist.

Í fataherberginu ná þau góðri einbeitingu við að klæða sig og ganga frá eftir sig sem og að aðstoða aðra.

Félagsfærni við reyndum að nýta okkur náttúrulega kennslu og kenna þeim einfaldar setningar til að auðvelda samskipti í leik. Hrós og jákvæð samskipti eru óspöruð. Nýttum vel upphafsstundir í samveru og við matarborðið að ræða líðan og tilfinningar.

Styrkleikar Skógarlundar

Faglegt starf: Mikið var um starfsmannabreytingar á skólaárinu en lögð var áhersla á að kenna börnum félagsfærni þar sem börn æfðu sig að leika saman, lærðu ólíkar lausnir í samskiptum, sérstaklega þegar upp kom ósætti og hvernig væri best að tjá sig ef þörf væri á aðstoð eða miðla upplýsingum. Búnir voru til lestrarhópar þar sem lesið var fyrir börnin. Lesnar voru bækur við hæfi og orðaforði dýpkaður. Þá voru búnir til hópar þar sem unnið var með viðfangsefni úr Hljóm-2.

Útinám: Útinámið varð ekki mikið að hausti en farið var í íþróttaskólann aðra hverja viku og bóksafnið 1x-2x í mánuði og svo heimsóknir í Fossvogsskóla. Barnahópnum var skipt upp í 3 hópa og var áætlað að hver hópur færi einu sinni í viku í útinám. Það gekk eftir fyrri hluta hausts en þegar kólna fór varð minna af því. Á vorönn þegar farið var að hlýna í veðri var útinám helst á döfinni þar sem reglulega var farið í ferðir, hvort sem það var í lundinn eða á aðra staði. Stóðu börnin sig vel og var haft á orði hve dugleg þau væru.





Deildarfundir: Illa gekk að innleiða reglulega deildarfundi fyrir áramót en eftir áramót náðist að halda deildarfundi á tveggja vikna fresti á tímabilinu janúar til mars. Þar var miðlað upplýsingum, farið yfir starfshætti og þeir samræmdir svo skilaboð til barna yrðu þau sömu.

Styrkleikar Huldusteins:

Barnasáttmáli: Áhersla var lögð á að öll börn séu jöfn og frelsi allra til að deila hugmyndum sínum. Við lögðum mikla áherslu á að allir séu jafnir þótt við séum ekki eins og að við höfum öll sama rétt, að það eigi að hlusta á alla, allir segi sína skoðun og tillit sé tekið til hennar. Við vorum með mikið af fundum þar sem hvert barn fékk tækifæri til að tjá sig eins og í samverustundum og umræður við matarborðið og einnig í framsögn þar sem allir fá tækifæri til að segja frá því sem þau vilja og hinir hlusta. Við höfum því lært mikla tillitsemi, hjálpssemi og væntumþykju í garð hvers annars. Einnig að börnin viti réttindin sín og notfæri sér þau.

Félagsfærni, Gildin 3, gleði, virðing og vinsemd: Lögðum áherslu á að gera börnin að sterkum og sjálfstæðum einstaklingum, læra að taka tillit til annarra, vera þolinmóð og góðir vinir. Þetta tvinnaðist einstaklega vel með þeim áherslum sem við vorum með í barnasáttmálanum. Að börnunum líði vel í eigin skinni, orðin öruggari bæði andlega og líkamlega og eru því betur undir það búin að taka tillit til annarra. Því ef maður er öruggur með sjálfan sig þá kemur maður betur fram við aðra sem sínir sig mjög vel eftir þennan vetur því öll börnin á deildinni eru einstaklega samheildin og miklir vinir, passa upp á hvort annað og eru hjálpsöm í garð hvers annars. Einnig höfum við lagt áherslu á að hafa gaman og gera margt skemmtilegt saman eins og að fara í hinar ýmsu vettvangsferðir. Því ef það er gaman þá er auðveldara og skemmtilegra að læra allt mögulegt.

Lífsleikni: Við höfum lagt áherslu á að blanda andlegri og líkamlegri vellíðan saman með því að nota hugarfrelsi þar sem við vorum að gera ýmsar æfingar sem reyna á hug og hönd. Börnin eru mjög örugg í eigin skinni sem sést best á því hvað þau eru heilsteypt og bera mikla virðingu og væntumþykju líka fyrir öðrum.

Útinám og umhverfislæsi: Lögðum áherslu á að fara í markvissar útinámferðir og efla börnin í umhverfislæsi, eykur orðaforða. Við fórum í markvisst í útinám um allan Fossvogsdal, Lundinn okkar og nánasta umhverfi. Tókum eftir breytingum í náttúrunni milli árstíða, mismunandi tegunda trjáa og fugla svo eitthvað sé nefnt einnig að lesa í umhverfið hvort sem það eru breytingar á náttúrunni, stafir, tölustafir eða annað. Börnin eru farin að þekkja náttúruna mun betur eru orðin örugg og læs á umhverfið sitt sem hjálpar þeim að fara um hverfið sitt t.d. til að heimsækja vini sína og fara í skólann í haust.





Tónlist: Áhersla lögð á fjölbreyttari tónlistaruppeldi en hefur verið með því að nota hljóðfæri, dansa, mála með tónlistarundirleik, hlusta og syngja. Við erum dugleg að nota tónlist með börnunum á ýmsan hátt og þau hafa gaman að því.

Tækifæri Birkilundar

Heilbrigði: Efla þarf samræmi og virkni meðal starfsmanna þannig að allir vinni markvisst eftir sömu aðferðum. Einnig þarf að auka sameiginlega ígrundun og eftirfylgni til að meta árangur og þróa aðferðir áfram.

Læsi: Efla þarf þátttöku allra starfsmanna í málörvun og gera málhljóðavitund að eðlilegum hluta af daglegu starfi. Mikilvægt er að grípa áhuga barna og nýta þau tækifæri sem skapast, bæði inni og úti. Einnig þarf að auka sameiginlega ígrundun og eftirfylgni til að meta árangur og þróa starfið áfram.

Tækifæri Dvergasteins

Sjálfsefning: Hægt væri að ganga enn þá lengra með margt til að styrkja enn þá frekar, eins og t.d. vera með hlaðborð og matsal þar sem börnin ná sér í mat og setjast svo til sætis. Ílát og diskar myndu vera minni og rúmast betur á matarborði svo allt gangi betur fyrir sig. Því það er þröngt á rými eins og er og því þarf eftirlitið aðallega að vera í því að hlutir detti ekki eða velti koll.

Útinám: Tækifærin liggja aðallega í að styrkja starfsfólk í útinámi og gera þau örugg í mismunandi aðstæðum. Það þarf að efla starfsfólk í hafa trú á getu sinni og barna og ekki mikla fyrir sér hvað gæti gerst. Þá er líklegra að tækifæri verði gripin með stuttum fyrirvara ef ekki þarf alltaf undirbúa allt í þaula þegar starfsfólk og börn vita til hvers er ætlast.

Félagsfærni: Vinna þarf markvisst að tilfinningalæsi og alltaf að hafa það í huga þegar rætt er við börn. Bækur hefði mátt velja meira með eflingu félagsfærni barna í huga. Tilfinningamyndir hefðu mátt vera uppi á vegg allt skólaárið en þær voru notaðar í samveru.

Tækifæri Álfasteins

Myndlæsið gekk vonum framar og börnin mjög áhugasöm og tóku öll virkan þátt í því bæði á Lí og þegar við höldum áfram að vinna með það í leikskólanum. Í apríl tókum við þátt í Barnamenningarhátíðinni og voru verk barnanna áberandi flott og til fyrirmyndar. Við ætlum að halda áfram með fara í myndlæsi næsta skólaár.

Lundurinn Við fengum úthlutað svæði sem við notum til útináms og gekk það mjög vel og svæðið farið að taka á sig mynd og er það þökk kennara, foreldra og barna. Við förum mjög oft í Lundinn, t.d. á mánudagsmorgnum tókum við alltaf Lubbastundir þar.





Skyndót fyrir skyntjaldið okkur fór ekki eins og við vildum, skyndót er mjög dýrt ef maður vill gæðavörur, prófuðum einhver ódýr en þau skemmdust strax.

Tækifæri Grenilundar

Sjónrænt skipulag: Við á Grenilundi erum komin með gott skipulag á sjónrænu skipulagi og okkur gengur nokkuð vel að fara yfir það, en okkur langar að einfalda það bæði er varðar fjölda mynda og bakgrunn.

Hringekja: Við náðum tökum á góðu skipulagi varðandi hringekju og bættum inn í hana lestur bóka og tókum fyrir Einar Áskel sem og Línu Langsokk. Það gaf góða raun að hafa lestur bóka í hringekju. Einnig reyndum við að koma Lubba inn í Hringekjuna en það mátti betur fara.

Útinámið í Lundinum: gekk alveg einstaklega vel, lögðum áherslu á að fara með fámenna hópa. Hver hópur fór einu sinni í viku að undanskildu barni með stuðning sem fór í allar ferðirnar. Ánægjulegt var að sjá hvað börnin nutu sín og urðu sjálfsörugg og lagin við að mynda samleik og finna sér verkefni. Við hófum allar stundir eins með stuttri samveru og lásum gjarnan sögu tengda árstíðum, náttúrunni og fuglum. Á þessu ferðalagi lærðu þau mörg nýyrði eins og vindsokkur, mismunandi heiti yfir veðurfar, fuglategundir og form svo eitthvað sé nefnt.

Tækifæri Skógarlundar

Faglegt starf: Mikið var um starfsmannabreytingar á skólaárinu þar sem fólk fór ýmist í fæðingarorlof, skóla eða veikindaleyfi. Það reyndist því erfitt að byggja starfið upp þar sem mikil orka fór í að þjálfa nýtt starfsfólk og koma því inn í starfið. Með meiri stöðugleika í starfsmannahaldi reynist auðveldara að viðhalda því sem unnið hefur verið og byggja frekar við það.

Útinám: Barnahópurinn var fjölbreyttur og var treysti starfsfólk sér misvel til að fara út með hópinn og ná að tryggja öryggi allra. Því kom fyrir þegar forföll voru á starfsfólki að ekki var farið þar sem öryggi barna er alltaf haft í fyrirrúmi

Deildarfundir: Negla hefði þurft dagsetningar fyrir deildarfundum að haustönn svo þeir myndu halda sér en það á það til að ske að erfiðar reynist að halda skipulagi þegar það liggur ekki steipt í stein. Þá reyndist erfitt að finna tíma þar sem allt starfsfólk var í vinnu á sama tíma.

Tækifæri Huldusteins:

Félagsfærni og vellíðan: Mikilvægt er að leggja áherslu á félagsfærni og vellíðan því þetta tengist mikið, því ef við eigum vini og getum treyst öðrum þá líður okkur vel og við verðum örugg, einnig lærast mikilvægar samskipta reglur eins og tillitsemi, þolinmæði og kurteisi. Eigum líka auðveldara með að læra allt mögulegt eftir því sem okkur líður betur.





Útinám: Að þekkja sitt nánast umhverfi og breytingar í náttúrunni lærum við mest og best með því að fara í útinám. Eftir því sem við lærum betur á umhverfið okkar því öruggari erum við í því og lærum að þekkja hættur sem þar geta leynst. Einnig að fara í fjölbreyttar vettvangsferðir því þá stækkuð við sjóndeildarhring barnanna og börnin læra mikið í sambandi við samskipti við aðra, eins og tillitsemi, kurteisi og þolinmæði.

Læsi: Leggja áherslu á læsi og þá í gegnum Lubbi finnur málbein, lesa bækur, syngja lög og fara með þulur svo eitthvað sé nefnt. Einnig að leggja áherslu á að skrifa nafnið sitt og fleiri stafi, merkja allar myndir, skrifa texta t.d. boðskort. Einnig umhverfislæsi.

Stærðfræði: Leggja meiri áherslu á að þekkja og skrifa tölustafi, reikna einföld stærðfræðidæmi og telja. Auka skilning á hvað er á bak við hverja tölu t.d. tölustafurinn 2 þá eru tvær einingar á bak við hann, 5 er með fimm einingar á bak við sig o.s.frv.

Sjálfsefning: Leggja áherslu á að efla sjálfstraust barnanna og gera þau eins sjálfbjarga og hægt er, til að gera þau tilbúin til að takast á við lífið. Styrkja þau í að skammta sér sjálf, skera matinn sinn og smyrja brauðið, klæða sig í og úr og ganga frá eftir sig, einnig að styrkja þau í taka ákvarðanir og fylgja þeim eftir. Gefa þeim tíma til að framkvæma og gera í stað þess að gera fyrir þau, prófa sig áfram.

9.2 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Rauður þráður næsta skólaárs í leikskólanum Furuskógi er að unnið verður með bækur eftir Astrid Lindgren með áherslu á að efla félagsfærni barna. Í gegnum sögur og persónur verður unnið með gildi eins og vináttu, samkennd, sjálfstraust og virðingu í daglegu starfi leikskólans.

Áherslan er í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla (2011)¹, þar sem lögð er áhersla á vellíðan, samskipti og leik sem grunn að námi barna, sem og Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, þar sem lögð er áhersla á félagsfærni, þátttöku og styrkingu sjálfsmyndar barna (Reykjavíkurborg, 2021²).

Unnið verður með sögurnar á aldurshæfan hátt í gegnum leik, samverustundir og daglegar aðstæður, þar sem börn fá tækifæri til að tjá sig, æfa samskipti og þróa tilfinningalæsi. Sérstök áhersla verður lögð á að mæta fjölbreyttum hópi barna, þar með talið börnum með stuðning, með því að aðlagða verkefni, efnivið og nálgun að þörfum hvers barns (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2022³).

¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

² Reykjavíkurborg. (2021). *Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030: Látum draumana rætast*.
https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf

³ Mennta- og barnamálaráðuneyti. (2022). *Menntastefna til ársins 2030*.
<https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Menntastefna/menntastefna-vefur.pdf>





Með þessum hætti er stuðlað að því að efla félagsfærni, sjálfstæði og vellíðan barna í samræmi við áherslur skólanámskrár leikskólans og menntastefnum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2022⁴; Reykjavíkurborg, 2021⁵).

Dvergasteinn - Birkilundur Álfasteinn - Grenilundur Huldusteinn - Skógarlundur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla félagsfærni barna með áherslu á vináttu, hjálpssemi og jákvæð samskipti í leik og daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Nota sögur eftir Astrid Lindgren í samverustundum og skoða og ræða, á aldurshæfan hátt, hvernig vinátta, hjálpssemi og samskipti birtast í sögunum. - Vinna með samskipti í gegnum leik og daglegar aðstæður - Styðja börn í að deila, bíða og hjálpa hvert öðru - Nota jákvæða speglun og fyrirmyndir í samskiptum - Grípa tækifæri í daglegu starfi til að ræða vináttu og samskipti
Ábyrgð	Allir starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst eftir aðlögun í september 2026 og stendur yfir skólaárið með áætluðum lokum í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	- Regluleg umræða á deildarfundum - Athuganir á samskiptum barna í leik - Foreldraviðtöl (haust og vor) - Samtal við börn (eftir aldri og þroska)
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Börn taka þátt í samskiptum og leik með öðrum - Börn sýna aukna færni í að deila og hjálpa - Börn sýna jákvæð samskipti - Starfsfólk vinnur markvisst og samræmt með samskipti

⁴ Mennta- og barnamálaráðuneyti. (2022). *Menntastefna til ársins 2030*.

<https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Menntastefna/menntastefna-vefur.pdf>

⁵ Reykjavíkurborg. (2021). *Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030: Látum draumana rætast*.

https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf





Dvergasteinn - Birkilundur Álfasteinn - Grenilundur Huldusteinn - Skógarlundur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla sjálfsfellingu og tilfinningalæsi barna þannig að þau þekki tilfinningar sínar, tjái sig og upplifi sig hæf í leik og starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Nota sögur (t.d. Línu langsokk og Emil) til að vinna með tilfinningar • Setja orð á tilfinningar í daglegum aðstæðum • Styðja börn í að prófa sjálf og efla „ég get“ viðhorf, nota „hugrekki“ • Nota jákvæða speglun og hvatningu • Nota leik og samverustundir til að vinna með tilfinningar
Ábyrgð	Allir starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst eftir aðlögun í september 2026 og stendur yfir skólaárið með áætluðum lokum í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	• Regluleg umræða á deildarfundum • Athuganir á samskiptum barna í leik • Foreldraviðtöl (haust og vor) • Samtal við börn (eftir aldri og þroska)
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Börn sýna aukna færni í að tjá tilfinningar (með orðum eða hegðun) • Börn prófa sjálf og sýna aukið sjálfstæði • Börn leita stuðnings á viðeigandi hátt • Starfsfólk vinnur markvisst með tilfinningar og sjálfsfellingu

F.h. Leikskólans Furuskógur

Ingibjörg Brynjarsdóttir 1. júlí 2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





9.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Furuskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Alexandra L.H. Jóelsdóttir

Auður Anna Aradóttir

Marteinn Briem

Þórdís Reynisdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Starfsáætlunin er mjög flott og vel unnin. Hún dregur fram bæði styrkleika starfsins og þau tækifæri til umbóta sem leikskólinn hyggst vinna að á næsta skólaári.

Okkur finnst sérstaklega jákvætt að umbótaáætlunin taki á atriðum eins og þátttöku barna í eigin námi, skráningum á framförum barna, samræmdum vinnubrögðum, vinnuaðstöðu starfsfólks og gerð skólanámskrár og starfsmannahandbókar.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? - Já

Starfsáætlunin er almennt aðgengileg en það mætti skoða hvort hægt sé að gera helstu áherslur starfsáætlunarinnar aðgengilegar foreldrum í styttri samantekt, þannig að fleiri foreldrar fái skýra mynd af áherslum komandi skólaárs.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? - Já

Starfsáætlunin gefur góða innsýn í starf leikskólans fyrir foreldra.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Við höfum ekki sérstakar athugasemdir við áætlunina en viljum hvetja til þess að umbótaþáttum sem varða vinnuaðstöðu starfsfólks, álag og rými til sérfræðipjónustu verði fylgt sérstaklega vel eftir, enda hafa slíkir þættir bein áhrif á gæði starfsins og líðan barna og starfsfólks.

Að öðru leyti tökum við mjög vel undir starfsáætlunina og þakka fyrir gott og metnaðarfullt starf.

Fulltrúar í foreldraráði:

Alexandra L.H Jóelsdóttir' <alexandrajoels94@hotmail.com>;

Auður Anna Aradóttir <audurannaa@gmail.com>;

'Marteinn' <marteinnbriem89@gmail.com>;

Þórdís Reynisdóttir <thordisreynis@gmail.com>





Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Pétur Pjetursson
20.8.2026

Markinn Brien

Audur Anna Aradottir Pind

Alexandra W.L. Joekedottir

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



